

AUGLÝSING

(IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2007/2008 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Tálknafjarðarhreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum á 4. gr.:

Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.

Grundarfjarðarbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Grundarfjarðarbæjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

1. Helmingi byggðakvótans, 70 þorskígildislestum, verði úthlutað samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 605/2008.
2. Helmingur byggðakvótans, 70 þorskígildislestir, fari til að bæta þeim sem höfðu aflahlutdeild í skelfiski upp samdrátt vegna banns við skelfiskveiðum á Breiðafirði.

Reglur um úthlutun samkvæmt lið 2 hér að framan:

- a) Rétt til að sækja um úthlutun byggðakvóta hafa útgerðir sem gera út fiskiskip frá Grundarfirði eða starfrækja þar vinnslu afla og höfðu aflaheimildir í hörpuskel á fiskveiðiárinu 2004/2005.
- b) Aflinn skal veiddur af skipum gerðum út frá Grundarfirði.
- c) Umræddur byggðakvóti skal unninn í Grundarfirði, samningur við fiskvinnslu skal fylgja umsókn.
- d) Byggðakvóta samkvæmt umsóknum er uppfylla ofangreind skilyrði skal úthlutað á milli umsækjenda hlutfallslega miðað við aflahlutdeild í hörpuskel.

Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun er fellt niður í báðum tölulíðum þessara sérreglna.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur Grundarfjarðarbæjar um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008, þ.e. í 3. tl. auglýsingar nr. 731 frá 21. júlí 2008.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. ágúst 2008.

F. h. r.

Þórður Eypórsson.

Hinrik Greipsson.